

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu:

Breyting á deiliskipulagi frístundasvæðis í landi Ásgarðs, breyting á skilmálum.

Í breytingunni felst að hámarksbyggingarmagn lóða miðast við nýtingarhlutfallið 0,03 með þeirri undantekningu að á lóðum sem eru 0,4 ha eða minni miðast hámarksbyggingarmagn við 120 m². Á hverri lóð má reisa eitt frístundahús auk tveggja aukahúsa sem mega að hámarki vera 40 m². Eingöngu er heimilt að vera með tvö íveruhús á hverri lóð.

Samþykkt í sveitarstjórn 6. júlí 2011.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 15. ágúst 2011.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.